

## TILLAGA

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Sósíalistaflokks Íslands

---

***Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um könnun meðal grunnskólanemenda sem ekki eru í skólamat***

Lagt er til að skóla- og frístundasvið láti framkvæma könnun meðal grunnskólanemenda í þeim tilgangi að safna gögnum um upplifun barna af því að vera ekki í skólamat. Spurningakönnunin verði sett upp af ytri aðila, en Reykjavíkurborg hefur unnið með slíkum aðilum áður við gerð spurningakannana í grunnskólum. Mikilvægt er að upplifun barna af því að hafa ekki aðgang að máltíðum í hádeginu sé kortlögð.